



43. fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps, haldinn fimmtudaginn 11.06.2020, kl 16, að Höfðagötu 3, Hólmavík.

Á fundinn mættu:

Ásta Þórisdóttir (Strandabyggð), Íris B Guðbjartsdóttir boðaði forföll og ekki náðist að boða varamann (Strandabyggð), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (Reykhólahreppi) Jenný Jensdóttir boðaði forföll og mætti Sunna J Einarsdóttir, varamaður (Kaldrananeshreppi), Hrefna Þorvaldsdóttir boðaði forföll og var Oddný S Þórðardóttir, varamaður (Árneshreppi) í síma.

Ásta Þórisdóttir, formaður, stýrði fundi og Guðrún Elín Benónýsdóttir, félagsmálastjóri, ritaði fundargerð (2 bls).

Dagskrá

1. Umsókn um þjónustu.
2. Umsókn um fjárhagsaðstoð.
3. Samstarfssamningur aðildarféлага Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
4. Önnur mál.
 - a) Starfsemi félagsþjónustu
 - b) Starfsmannamál

1. Umsókn um þjónustu.
Fært í trúnaðarbók

2. Umsókn um fjárhagsaðstoð.
Fært í trúnaðarbók

3. Samstarfssamningur aðildarféлага Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, lagður fram til kynningar.

4. Önnur mál.
 - a) Starfsemi félagsþjónustu – farið yfir helstu þætti félagsþjónustunnar og rætt um nauðsyn þess að setja skýrari ramma. Vinna þarf að erindisbréfi fyrir velferðarnefnd, starfslýsingu fyrir félagsmálastjóra og fara yfir reglur varðandi þjónustu.



b) Starfsmannamál

Hjá félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps vinna að jafnaði í kringum 30 starfsmenn, margir hverjir í mjög litlu starfshlutfalli. Nú yfir sumarið bættust við 11 starfsmenn í afleysingar og tímabundin störf og er enn ekki búið að manna allar afleysingar.

Erfitt hefur reynst að fá fólk til starfa, jafnt í föst störf sem og afleysingar, og lítil sem engin viðbrögð við auglýsingum, sem er mikið áhyggjuefni. Það fer því mikill tími hjá félagsmálastjóra í það að leita að fólki til starfa sem verður til þess að önnur og sérhæfðari verkefni fá minni tíma en æskilegt væri eða jafnvel sitja á hakanum.

Bókun: Velferðarnefnd leggur til að skipaður verði starfshópur sem endurskoði verkefni, störf og starfsmannapörf félagsþjónustunnar. Starfshópurinn vinni erindisbréf fyrir velferðarnefnd og starfslýsingu fyrir félagsmálastjóra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:41